
**Almennir tryggingarskilmálar
fyrir áhættu-líftryggingu**

E 7

Kæri viðskiptavinur.

Eftirfarandi skilmálar skýra reglurnar sem gilda um samninga milli **tryggingartaka** og okkar.

Tryggingartaki er sá aðili sem hefur **sótt um** trygginguna. Hann er nefndur svo í tryggingarskírteininu.

Ef þú ert **hinn tryggði** en ekki tryggingartaki, (t.d. ef vinnuveitandi þinn hefur líftryggt þig), tölum við ekki beint til þín í skilmálunum. Réttindin og skyldurnar, sem þeir kveða á um, eiga fyrst og fremst við tryggingartakann sem viðsemjanda okkar.

Skilmálarnir kveða á um reglur fyrir **ýmsa þætti**. Það merkir að við tiltekna aðstæður eiga ekki öll eftirfarandi ákvæði við tryggingarsamning þinn. Í sumum tryggingarsamningum, (t.d. samningum með sérstökum samþykktum um hvernig hagnaði skuli varið eða tryggingum innan hópsamninga), þarf að breyta eða auka við einstök ákvæði skilmálanna. Slíkar breytingar eða viðbætur eru prentaðar í lok þessara skilmála eða birtir sérstaklega í „**Sérstökum skilmálum**“.

Ef tryggingarsamningur þinn **nær yfir fleiri þætti** gilda “Sérstakir skilmálar” líka fyrir þá. Í Sérstöku skilmálunum er eftirlifendalífeyrisþátturinn talinn sem grunnþáttur.

Eftirfarandi skilmálar eru bein þýðing frumtextans sem er á þýsku. Þýðandi er Veturliði Guðnason löggiltur skjalabýðandi í þýsku. Á Íslandi er, enn sem komið er, ekki boðið upp á jafn fjölbreytta þætti og gert er í Þýskalandi.

Ef þú vilt spyrja einhvers eða hefur einhverjar óskir varðandi tryggingu þína skaltu snúa þér til tryggingaráðgjafa þíns eða beint til okkar.

Með kærri kveðju
frá tryggingarfélaginu þínu

Allianz á Íslandi
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík
S: 595-3300,
fax 595-3350

**Almennir tryggingarskilmálar
fyrir áhættu-líftryggingu - E 7**

Efnisyfirlit

Blaðsíða 2

	Blaðsíða
§ 1 Hvað er tryggt?.....	3
§ 2 Hvenær geturðu bætt ellilífeyrisþætti við tryggingu þína?.....	3
§ 3 Hvenær hefst tryggingarverndin?.....	3
§ 4 Hvað þarftu að hafa í huga við iðgjaldagreiðslu?.....	3
§ 5 Hvað gerist ef þú greiðir ekki iðgjald á réttum tíma?.....	4
§ 6 Hvað gildir um iðgjaldsfría tryggingu eða uppsögn?.....	4
§ 7 Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?.....	5
§ 8 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna?.....	5
§ 9 Hvað gildir við sjálfsvíg hins tryggða eða eins hinna tryggðu?.....	6
§ 10 Hvað ber að athuga þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur?.....	6
§ 11 Hvað felst í tryggingarskírteininu?.....	6
§ 12 Hvað gildir um tilkynningar sem varða tryggingarsambandið?.....	6
§ 13 Hver fær tryggingargreiðslurnar?.....	6
§ 14 Hvernig er kostnaður við samningsgerð dreginn af iðgjöldum þínum?.....	7
§ 15 Fyrir hvað getum við kafið þig sérstaklega um kostnað?.....	7
§ 16 Hvernig færð þú hlutdeild í hagnaði okkar?.....	7
§ 17 Hvaða réttarreglur gilda um samning þinn?.....	8
§ 18 Hvar er hægt að bera fram kröfur fyrir rétti?.....	8
§ 19 Við hvaða skilyrði er hægt að aðlaga iðgjöld og hvaða ákvæðum er hægt að breyta?.....	8
Breytingar og viðbætur við Almenna tryggingarskilmála fyrir áhættu-líftryggingu.....	9

§ 1. Hvað er tryggt?

(1) Falli hinn tryggði frá fyrir umsamin lok tryggingartímans greiðum við þann tryggða höfuðstól sem umsamin var í því tilviki. Ef fleiri en einn félagi eru tryggðir greiðum við umsamin tryggðan höfuðstól við fráfall þess sem deyr fyrstur. Deyi fleiri en einn hinna

tryggðu samtímis greiðum við tryggða höfuðstólinn aðeins einu sinni.

(2) Við veitum þér hlutdeild í hagnaði okkar (sjá reglur í §16).

§ 2. Hvenær geturðu bætt ellilífeyrisþætti við tryggingu þína?

Þú getur breytt áhættu-líftryggingu þinni í sambland ellilífeyrisþáttar (fram tíðarlífeyrir eða fram tíðarhöfuðstóll) og eftirlífendalífeyrisþáttar (höfuðstóll við andlát) án nýrrar læknisskoðunar. Fyrir nýju þættina getur þú þá valið nýjan samningstíma og iðgjaldsgreiðslutíma.

Forsendur fyrir umbreytingunni eru:

- Við áhættu-líftryggingu þína hefur þú upphaflega samið um tryggðan höfuðstól við andlát, stöðugan á tryggingartímanum.
- tryggður höfuðstóll úr nýja þættinum höfuðstóll við andlát er á öllum nýja tryggingartímanum ekki hærrí en upphaflegi tryggði höfuðstóllinn við andlát.
- Þú verður að sækja um umbreytinguna í síðasta lagi fyrir lok 10. tryggingarársins. Hafir þú samið um í mesta lagi 10 ára tryggingartíma getur þú umbreytt tryggingu þinni til allt að þremur mánuðum fyrir lok tryggingartímans.
- Þú verður að sækja um umbreytinguna fyrir lok 60. æviárs hins tryggða eða hinna tryggðu.

Hafir þú innifalið minnst einn örorkubótaþátt gildir:

- Örorkubótaþáttum er aðeins þá hægt að halda áfram án nýrrar læknisskoðunar fyrir umbreytta tryggingu ef tryggingar- og iðgjaldsgreiðslutími eftir umbreytinguna helst óbreyttur.

- Breytist þessi tímaskeið eftir umbreytinguna er aðeins hægt að halda örorkubótaþáttunum áfram ef niðurstaða úr nýrri læknisrannsókn leyfir það.

Þú getur umbreytt tryggingu fyrir tvo félaga án nýrrar læknisskoðunar í tvær þáttasamsetningar fyrir líf hvors hins tryggða. Forsenda fyrir því er að heildarupphæð nýju tryggðu höfuðstólanna við andlát verði ekki hærrí en upphaflegur höfuðstóll við andlát. Tryggingum fyrir fleiri en tvo félaga er ekki hægt að umbreyta.

Iðgjöld fyrir nýju tryggingarnar eru ákveðin samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Um það gilda viðeigandi þáttareglur.

§ 3. Hvenær hefst tryggingarverndin?

(1) Tryggingarverndin hefst þegar þú hefur greitt fyrsta iðgjaldið (innlausnariðgjald) og við höfum samþykkt umsókn þína skriflega eða með afhendingu tryggingarskírteinis.

Engin tryggingarvernd er þó fyrir það upphaf tryggingar sem tilgreint er í tryggingarskírteininu.

(2) Þetta hefur ekki áhrif á tímabundna tryggingarvernd sem samið er um þegar umsóknin er lögð fram.

§ 4. Hvað þarftu að hafa í huga við iðgjaldagreiðslu?

(1) Fyrir þessa tryggingu skal greiða iðgjöld jafnóðum fyrir hvert tryggingartímabil. Eftir því hvernig samið er um iðgjaldagreiðslur er tryggingartímabil einn mánuður, ársfjórðungur, hálf á eða eitt ár.

(2) Innlausnariðgjaldið gjaldfellur strax eftir gerð tryggingarsamningsins en þó ekki fyrir upphaf tryggingarinnar sem tilgreint er í tryggingarskírteininu. Öll frekari iðgjöld (framhaldsiðgjöld) gjaldfalla við upphaf hvers umsamins tryggingartímabils. Ef samið er um

mánaðargreiðslur eru iðgjöld greidd með skuldfærslu.

(3) Sending iðgjalda þinna fer fram á þína. ábyrgð og á þinn kostnað

(4) Iðgjald er þá aðeins hægt að greiða tryggingaumboðsmanni ef hann leggur fram iðgjaldsreikning sem við höfum gefið út.

(5) Þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur drögum við frá vangreidd iðgjöld ef einhver eru.

§ 5. Hvað gerist ef þú greiðir ekki iðgjald á réttum tíma?

(1) Til þess að iðgjald teljist greitt á réttum tíma nægir að þú hafir í tæka tíð gert allt til þess að við fáum iðgjaldið. Ef samið var um að iðgjaldið væri innheimt af reikningi (skuldfærsla) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga og þú mótmælir ekki réttmætri innheimtu. Hafi ekki verið hægt að innheimta gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum krafist hennar skriflega. Berir þú ábyrgð á því að ekki er hægt að innheimta iðgjaldið höfum við rétt til að krefjast þess að greiðsla fari framvegs fram utan skuldfærslu-kerfisins. Ef samið er um mánaðargreiðslur breytum við í því tilviki iðgjaldsgreiðsluhætti í ársfjórðungsgreiðslur.

(2) Ef þú greiðir innlausnariðgjaldið ekki á réttum tíma getum við – svo lengi sem greiðsla hefur ekki farið fram – rift samningnum. Það telst riftun ef við berum ekki kröfu okkar um innlausnariðgjaldið fram fyrir rétti innan þriggja mánaða frá gjalddaga.

(3) Ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma færðu skriflega greiðsluáskorun frá okkur á þinn kostnað. Þar gefum við þér minnst tveggja vikna greiðslufrest. Greiðir þú ekki skuldina innan gefins frests fellur tryggingarverndin niður eða skerðist. Í greiðsluáskoruninni bendum við greinilega á þessi réttaráhrif.

§ 6. Hvað gildir um iðgjaldslausu tryggingu eða uppsögn?

(1) Iðgjaldslausn

Við lok tryggingartímabils geturðu látið leysa þig undan iðgjaldsgreiðsluskyldu. Í því tilviki skerðum við tryggðan höfuðstól samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar. Upphæðin úr tryggingu þinni sem er til ráðstöfunar til myndunar iðgjaldsfrís tryggðs höfuðstóls er þá skert um frádrátt sem talinn er hæfilegur (§ 174 í tryggingasamningalögum).

Frádrátturinn nemur 50 € að viðbættum 8,0% af heildarupphæð samningsbundinna iðgjalda fyrir áhættu-líftrygginguna fyrir það sem eftir er af iðgjaldagreiðslutímanum.

Reiknað er til loka tryggingartímabilsins sem þú greiddir síðast fullt iðgjald fyrir.

Þú getur þó aðeins haldið tryggingu þinni áfram iðgjaldsfrírri ef iðgjaldsfrír tryggður höfuðstóll nær lágmarksupphæð sem nemur 2000 €. Annars fellur tryggingin niður og við greiðum þávirðið (§ 176 VVG eftir því sem við á) – ef eitthvað er – skert um fyrrnefndan frádrátt.

Að hafa tryggingu þína iðgjaldsfría hefur ókosti. Í byrjun tryggingartímans er enginn iðgjaldsfrír tryggður höfuðstóll fyrir hendi vegna gjaldfærslu samningsgerðarkostnaðar með Zillmeraðferð (sjá § 14). Einnig á næstu árum eru vegna nauðsynlegra áhættuiðgjalda miðað við greidd iðgjöld engir eða litlir fjármunir fyrir hendi til að mynda iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól. Nánari upplýsingar um iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól færðu í tryggingarskírteininu þínu.

(2) Uppsögn

Þú getur sagt tryggingu þinni upp skriflega við lok tryggingartímabils.

§ 7. Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?

(1) Við tökum á okkur tryggingarverndina í trausti þess að þú hafir svarað öllum spurningum í tengslum við tryggingarumsóknina sannleikanum samkvæmt og undandrátta-laust (tilkynningaskylda fyrir samningsgerð). Það gildir sérstaklega um spurningarnar um núverandi og fyrri veikindi, heilsufarstruflanir og kvilla, og um atvinnu hins tryggða eða eins hinna tryggðu.

(2) Eigi að tryggja líf annars einstaklings er hann líka – auk þín – ábyrgur fyrir sönnum og undandráttalausum svörum við spurningunum.

(3) Ef aðstæður sem skipta máli fyrir töku tryggingarinnar eru ekki eða ekki rétt tilgreindar af þinni hálfu eða hins tryggða eða eins hinna tryggðu (sbr. tölulið 2) getum við rift samningnum innan þriggja ára frá gerð tryggingarsamnings þíns og einnig eftir lok þess frests komi til bótaskyldu á fyrstu þremur árunum. Við getum þó aðeins lýst yfir riftun innan eins mánaðar eftir að við fengum vitneskju um brot á tilkynningaskyldunni; vitneskja miðlara jafngildir ekki vitneskju okkar.

Ef okkur er sannað að rangar eða ófullkomnar upplýsingar hafi ekki verið saknæmar verður riftun okkar ógild.

Ef við höfum lýst yfir riftun eftir að kom til bótaskyldu helst greiðsluskylda okkar ef okkur er sannað að aðstæður sem voru ekki eða ranglega tilgreindar hafi ekki haft nein áhrif á

að til bótaskyldu kom eða upphæð greiðslu okkar.

(4) Við getum einnig véfengt tryggingarsamninginn ef vísvitandi og viljandi hafa verið höfð áhrif á samþykktarákvörðun okkar með röngum eða ófullkomnum upplýsingum. Ef um er að ræða upplýsingar hins tryggða eða eins hinna tryggðu getum við véfengt samninginn gagnvart þér þótt þú hafir ekki haft vitneskju um brotið á tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð.

(5) Töluliðir 1 til 4 gilda einnig um upplýsingar sem gefa skal vegna umsóknar um breytingu eða endurheimt tryggingarinnar. Við breytingu eða endurheimt tryggingarinnar hefst þriggja ára fresturinn samkvæmt tölulið 3, málsgrein 1, þá að nýju hvað varðar breytta eða endurheimta hlutann.

(6) Ef tryggingin er felld úr gildi vegna riftunar eða véfengingar greiðum við þávirðið skert um frádrátt samkvæmt § 6, tölulið 1. Þú getur ekki krafist endurgreiðslu iðgjalda.

(7) Hafir þú ekki tilnefnt neinn annan sem umboðsmann telst tryggingarþeginn hafa umboð til þess, að þér látnum, að taka við riftunar- eða véfengingaryfirlýsingu. Ef enginn tryggingarþegi er fyrir hendi eða reynist ekki hægt að finna aðsetur hans getum við litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi umboð til að taka við yfirlýsingunni.

§ 8. Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna?

(1) Meginreglan er að greiðsluskylda okkar helst óháð því hvaða orsök veldur bótaskyldunni. Við veitum sérstaklega einnig tryggingarvernd ef hinn tryggði eða einn hinna tryggðu lætur lífið við her- eða lögreglustörf eða í innanlandsátökum.

(2) Við andlát hins tryggða eða eins hinna tryggðu í beinu eða óbeinu samhengi við stríðsatburði takmarkast greiðsluskylda okkar þó við útborgun reiknaðs þávirðis á dánardegi (§ 6). Frádráttur samkvæmt § 6, tölulið 1, fer ekki fram.

Þessi takmörkun greiðsluskyldu okkar fellur niður ef hinn tryggði eða einn hinna tryggðu lætur lífið í beinu eða óbeinu samhengi við

stríðsatburði sem hann lenti í meðan hann dvaldi utan Sambandslýðveldisins Þýskalands og tók ekki virkan þátt í.

(3) Við fráfall hins tryggða eða eins hinna tryggðu í beinu eða óbeinu samhengi við notkun kjarna- sýkla- eða efnavopna af ásettu ráði eða notkun eða losun geislavirkra, líffræðilegra eða kemískra efna af ásettu ráði takmarkast greiðsluskylda okkar við útborgun reiknaðs þávirðis á dánardegi (§ 6), ef notkunin eða losunin stefndi að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu. Frádráttur samkvæmt § 6, tölulið 1, fer ekki fram. Töluliður 2 helst ósnortinn.

§ 9. Hvað gildir við sjálfsvíg hins tryggða eða eins hinna tryggðu?

(1) Við sjálfsvíg greiðum við ef 3 ár eru liðin frá gerð tryggingarsamningsins.

(2) Við sjálfsvíg fyrir lok þriggja ára frestsins helst tryggingarverndin aðeins ef okkur er sannað að vígið hafi verið framið í sjúklegu

geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa vilja-ákvörðun eða undir þrýstingi þungbærra, líkamlegra þjáninga. Annars greiðum við reiknað þávirði á dánardegi (§ 6). Frádráttur samkvæmt § 6, tölulið 1, fer ekki fram.

§ 10. Hvað ber að athuga þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur?

(1) Greiðslur úr tryggingarsamningnum inn-um við af hendi gegn framvísun tryggingarskírteinisins.

(2) Andlát hins tryggða eða eins hinna tryggðu ber að tilkynna okkur tafarlaust. Auk tryggingarskírteinisins ber að afhenda okkur

- opinbert dánarvottorð þar sem tilgreindur er aldur og fæðingarstaður.

- nákvæmt vottorð læknis eða embættis um dánarorsök og um byrjun og feril sjúkdómsins

sem dró hinn tryggða eða einn hinna tryggðu til dauða.

(3) Til að sannreyna greiðsluskyldu okkar getum við krafist frekari nauðsynlegra sannana og sjálf gert nauðsynlegar rannsóknir. Kostnað sem tengist gagnaöflun ber sá sem krefst tryggingargreiðslunnar.

(4) Við yfirfærum greiðslu okkar til móttöku-rétthafa á hans kostnað. Við yfirfærslur til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins tekur móttökurétthafinn einnig áhættuna sem tengist því.

§ 11. Hvað felst í tryggingarskírteininu?

(1) Við getum litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi heimild til þess að hafa umráð yfir réttindum samkvæmt tryggingarsamningnum, sérstaklega að taka við greiðslum. En við getum krafist þess að eigandi tryggingarskírteinisins sanni okkur rétt sinn.

(2) Í þeim tilvikum sem tilgreind eru í § 13 tölulið 4 þurfum við aðeins að viðurkenna réttarsönnunina ef við höfum móttekið skriflega tilkynningu fyrri réttthafa.

§ 12. Hvað gildir um tilkynningar sem varða tryggingarsambandið?

(1) Tilkynningar sem varða yfirstandandi tryggingarsamband verða alltaf að vera skriflegar. Tilkynningar ætlaðar okkur öðlast gildi um leið og þær berast okkur. Tryggingaráðgjafar hafa ekki umboð til að taka við þeim.

(2) Breytingu á heimilisfangi þínu verður þú að tilkynna okkur tafarlaust. Annað gæti komið þér illa því við getum sent viljayfirlýsingu, sem þér er ætluð, í ábyrgðarbréfi á það heimilisfang þitt sem okkur var síðast kunnugt. Í því tilviki öðlast yfirlýsing okkar gildi á þeim tíma þegar hún hefði borist þér með reglulegum

bréfburði án breytingar pósthfangs. Það gildir einnig ef þú hefur tekið trygginguna í atvinnufyrirtæki þínu og þú hefur flutt aðsetur fyrirtækisins.

(3) Um breytingu á nafni þínu gildir töluliður 2 sömuleiðis.

(4) Ef þú dvelur langdvölum erlendis ættir þú, líka eigin hagsmuna vegna, að tilnefna mann sem býr innanlands og hefur umboð til að taka við tilkynningum okkar til þín (póstfulltrúa).

§ 13. Hver fær tryggingargreiðslurnar?

(1) Greiðslurnar samkvæmt tryggingarsamningnum innum við af hendi til þín sem tryggingartaka okkar eða til erfingja þinna ef þú hefur ekki tilgreint neinn annan einstakling sem á að eignast kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum þegar til bótaskyldu kemur (tryggingarþegi). Þangað til að bótaskyldu kemur getur þú endurkallað rétt tryggingarþegans hvenær sem er

(2) Þú getur kveðið skýrt á um að tryggingarþeginn eigi að eignast kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum strax og óriftanlega. Eftir að við höfum fengið yfirlýsingu þína er aðeins hægt að nema þennan rétt tryggingarþegans úr gildi með samþykki þess sem þú tilgreindir.

(3) Þú getur líka afsalað þér eða veðsett réttindi þín samkvæmt tryggingarsamningnum.

(4) Veiting og afturköllun tryggingarþega-réttar og afsal eða veðsetning krafna samkvæmt tryggingarsamningnum öðlast aðeins

og fyrst þá gildi gagnvart okkur þegar fyrrverandi tryggingarþegi hefur tilkynnt okkur um það skriflega. Fyrrverandi tryggingarþegi er yfirleitt þú; en það geta líka verið aðrir ef þú hefur gert slíkar ráðstafanir áður.

§ 14. Hvernig er kostnaður við samningsgerð dreginn af iðgjöldum þínum?

(1) Gerð tryggingarsamninga hefur kostnað í för með sér. Þessi svonefndi samningskostnaður (§ 43 tölu-liður 2 í reglugerð um reikningsfærslu tryggingarfélag) er reiknaður með í gjaldskránni. Hann er ekki gjaldfærður sérstaklega heldur millifærður af iðgjöldunum.

(2) Við tryggingarsamning þinn er beitt millifærsluáðferð samkvæmt § 4 bótasjóðs-reglugerðarinnar (Zillmeráðferð). Þá eru fyrstu iðgjöldin notuð til að greiða samningskostnaðinn. Upphæðin sem greiða skal takmarkast samkvæmt áður nefndri bótasjóðsreglugerð við

4% iðgjaldanna sem þér ber að greiða á samningstímanum.

Þessi millifærsluáðferð hefur engin áhrif á umsamda tryggingarvernd. Hún helst að fullu frá byrjun. Greiðsla kostnaðarins við gerð samnings þíns veldur þó því að fyrst um sinn eru engir fjármunir fyrir hendi til að byggja upp iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól. Þróun iðgjaldsfrís tryggðs höfuðstóls tryggingar þinnar er sýnd í tryggingarskírteininu.

§ 15. Fyrir hvað getum við krafð þig sérstaklega um kostnað?

(1) Ef eitthvað af þínum völdum orsakar aukaleg stjórnsýsluumsvif getum við – ef ekki var samið um annað – reiknað þér meðaltalskostnað í slíkum tilvikum sérstaklega til skuldar sem fast gjald. Það gildir við:

- útgáfu varaskjals fyrir tryggingarskírteinið eða afrit af tryggingarskírteininu
- skriflega gjaldfrestsveitingu þegar framhalds-iðgjöld eru ekki greidd
- vanskil iðgjalda

- endursendingu skuldfærslubeiðna
- frágang samningsbreytinga
- vinnu við afsöl og veðsetningar

(2) Ef þú sendir iðgjöldin frá stað eða við sendum greiðslu til staðar utan Sambandslýðveldisins Þýskalands höfum við rétt til að skuldfæra allt að því 10 € fyrir hverja sendingu. Við getum breytt gjaldinu til framtíðar eftir sanngjörnu mati (§ 315 Borgaralegrar lög-bókar).

§ 16. Hvernig færð þú hlutdeild í hagnaði okkar?

Við veitum þér og öðrum tryggingartökum hlutdeild í hagnaðinum sem tilgreindur er árlega í ársuppgjöri okkar.

(1) Grundvallarreglur og mælikvarðar fyrir hagnaðarhlutdeild tryggingartaka

(a) Hagnaður verður til ef dánartíðni og kostnaður verða hagkvæmari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tryggingartakarnir fá hæfilega hlutdeild í þessum hagnaði.

Frekari hagnaður stafar frá tekjum af fjárfestingum. Af nettótekjum þeirra fjárfestinga sem ætlaðar eru til tryggingargreiðslna í framtíðinni (§ 3 í reglugerð um lágmarks-iðgjalds-endurgreiðslu við líftryggingu) fá tryggingartakarnir samtals að minnsta kosti prósentu-stigið sem tilgreint er í reglugerðinni. Með þessari upphæð er fyrst fjármögnuð tryggð ávöxtun bótasjóðsins. Fjármagnstekjurnar sem þá eru eftir notum við í hagnaðarhlutdeild tryggingartakanna.

(b) Einstakar tryggingar leggja mismunandi mikið til hagnaðarins. Við höfum því sett sambærilegar tryggingar saman í flokka. Hagnaðarflokka myndum við til að taka tillit til áhættunnar sem er tryggð, t.d. andláts- eða örorkuáhættu. Undirflokkar miðast við sérkenni samninga, t.d. tryggingarbyrjun og form iðgjaldagreiðslu. Hagnaðinum fyrir tryggingartaka er deilt á flokkana í samræmi við framlag.

(2) Grundvallarreglur og mælikvarðar fyrir hagnaðarhlutdeild samnings þíns

(a) Til hvaða flokks tryggingarþáttur þinn telst sérð þú í tryggingarskírteininu. Háð þeirri flokkun veitum við þínum þætti hlutdeild í áunnum hagnaði í byrjun hvers tryggingarárs (árleg hagnaðarhlutdeild). Við birtum hagnaðarhlutdeildarprósenturnar í ársreikningi okkar eða tilkynnum þér um þær á annan hátt.

(b) Í iðgjaldsskyldum tryggingum er iðgjaldið stuðullinn sem hagnaðarhlutdeildar-

prósentan miðast við, í iðgjaldsfríum tryggingum tryggður höfuðstóll við andlát.

(c) Ef trygging þín er iðgjaldsskyld fær hún með hverju iðgjaldi hagnaðarhluta í prósentum af umsömdu iðgjaldi. Hagnaðarhlutarnir eru dregnir frá iðgjöldunum jafnóðum eftir því hvernig þau eru greidd. Ef trygging þín er

iðgjaldsfrí fær hún í byrjun hvers tryggingarárs hagnaðarhluta í mynd aukalegs iðgjaldsfrís þáttar í áhættu-líftryggingu (bónus) sem lýkur við lok hvers tryggingarárs eða við samningslok. Bónusinn er ákveðinn í prósentum tryggða höfuðstólsins sem gildir þegar hann gjaldfellur.

§ 17. Hvaða réttarreglur gilda um samning þinn?

Um samning þinn gilda réttarreglur Sambandslýðveldisins Þýskalands.

§ 18. Hvar er hægt að bera kröfur undir dómstóla?

(1) Kröfur gegn okkur sem byggja á tryggingarsamningi þínum er hægt að bera undir dómstól sem hefur lögsögu þar sem aðalstöðvar okkar eða útibú eru. Hafir þú tekið trygginguna með milligöngu tryggingaumboðsmanns er einnig hægt að leita til dómstóls á þeim stað þar sem umboðsmaðurinn hafði skrifstofu sína þegar miðlunin fór fram eða, ef hann hafði enga, þar sem hann hafði lögheimili.

(2) Við getum lagt fram kröfur sem byggja á tryggingarsamningnum við dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili. Ef þú átt viðskipta- eða atvinnufyrirtæki getur varnarþing, lögum samkvæmt, einnig verið dómstóll sem hefur lögsögu þar sem aðsetur eða útibú viðskipta- eða atvinnufyrirtækis þíns er.

§ 19. Við hvaða skilyrði er hægt að aðlaga iðgjaldið og hvaða ákvæðum er hægt að breyta?

(1) Við breytingu á greiðsluþörf, sem telst ekki aðeins vera um stundarsakir og er ekki fyrirsjáanleg, gagnvart tæknilegum reikniforsendum og iðgjaldinu sem reiknað er samkvæmt þeim, höfum við rétt til þess að ákveða það að nýju miðað við leiðréttar reikniforsendur. Skilyrði er að breytingin teljist nauðsynleg til að tryggja greiðslugetu tryggingafjár til frambúðar og að óháður fjárvörslumaður hafi kannað reikniforsendurnar og aðrar forsendur breytingarinnar og staðfest að þær séu við hæfi (§ 172, töluliður 1 í tryggingasamningalögum).

Um breytingar ákvæðanna um hagnaðarhlutdeild (sbr. § 16) gilda málsgreinar 1 og 2 eftir því sem við á.

(2) Við tilkynnum þér um breytingar samkvæmt tölulið 1. Iðgjaldsaðlögun tekur í fyrsta lagi gildi við upphaf tryggingartímabilsins sem hefst eftir að þú færð tilkynninguna. Breyting ákvæðanna um hagnaðarhlutdeild tekur gildi í byrjun 2. mánaðar eftir að þú færð tilkynninguna.

Breytingar og viðbætur við almenna tryggingarskilmála fyrir áhættu- líftryggingu

Hvað gildir þegar samið er um frávik í notkun hagnaðarluta?

Ef þú hefur samið um „bónus“ :

ÁH 1 Í stað § 16, töluliða 2 b og 2 c, kemur:

(b) stuðullinn sem hagnaðarlutdeildarprósentan miðast við er tryggður höfuðstóll.

(c) Trygging þín fær í byrjun hvers tryggingarárs hagnaðarluta í mynd aukalegrar, iðgjaldsfrírrar áhættu-líftryggingar (bónus) sem lýkur við lok hvers tryggingarárs eða við sammingslok. Bónusinn er ákveðinn í prósentum tryggða höfuðstólsins sem gildir þegar hann gjaldfellur.

Hvað gildir um tryggingar innan hópsamninga?

ÁH 2 1. Orðin „trygging“ og „samningur“ eiga – sérstaklega varðandi tryggðan höfuðstól og fresti – við hina einstöku (hluta-)tryggingu en ekki við hópsamninginn.

2. „Iðgjald“ í § 3 á við upphafsstöðu hópsamningsins.

3. Réttaráhrif við greiðslutafir, sem nefnd eru í § 5, gilda um hópsamninginn þótt aðeins sé um hlutavanskil að ræða.

4. Umbreytingarréttinn í § 2 er aðeins hægt að nýta ef umbreytingin er gerð fyrir allar áhættu-tryggingar hópsamningsins eða fyrir áhættu-tryggingar flokks einstaklinga innan hópsamningsins sem skilgreindur er eftir hlutlægum einkennum.

5. § 10, töluliður 1, fellur brott.

6. § 10, töluliður 2, síðasti setningarhluti gildir aðeins um tryggingar sem samið er um með lækni-sskoðun. Fyrir tryggingar sem samið er um án lækni-sskoðunar er § 10, töluliður 2, síðasta setningarhluti breytt sem hér segir:

„sönnun um dánarorsök.“

Hvað gildir um tryggingar á sértöxtum?

ÁH 3 Í stað § 6 töluliður 1, málsgrein. 4, kemur:

Frádrátturinn nemur 50 € að viðbættum 5,0% af heilárupphæð sammingsbundinna iðgjalda fyrir áhættu-líftrygginguna fyrir það sem eftir er af iðgjaldagreiðslutímanum.

Hvað gildir um ellilífeyri fyrirtækis?

ÁH 4 Iðgjaldsgreiðsla

Einnig þegar iðgjald er greitt mánaðarlega er hægt að semja um það að iðgjaldsgreiðslan fari ekki fram með skuldfærslu – í þessu tilviki fellur § 4, töluliður 2, síðasta málsgrein, brott.